



Alþingi, nefnda- og greiningarsvið, nefndasvid@althingi.is
bt. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030, 322. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis dags. 21. janúar 2026 þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar um ofangreinda tillögu.

Eftirfarandi er umsögn Reykjavíkurborgar:

Reykjavíkurborg þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri ábendingum og sýn sinni á tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2026-2040.

Í umsögninni er, í samræmi við stefnu borgarinnar, lögð áhersla á atriði sem snúa að því að draga úr neikvæðum áhrifum samgangna á umhverfi og samfélag, og atriði sem bæta umferðaröryggi. Að auki er sérstaklega vakin athygli á gildandi skipulagsáætlunum, samningum og fleiru vegna áforma um framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli sem birtast í áætluninni.

Samgöngusáttmálinn og samgöngur á höfuðborgarsvæðinu

Það er sameiginlegt markmið Reykjavíkurborgar og stjórnvalda að stefna að kolefnishlutleysi í samræmi við skuldbindingar og að bæta umferðaröryggi, þá sérstaklega að koma í veg fyrir að fólk látist eða slasist alvarlega í umferðinni. Þetta endurspeglast m.a. í upptalningu á lykilviðfangsefnum samgöngumála á Íslandi eins og þau birtast í þingsályktunartillögunni í kafla II og markmiðum áætlunarinnar. Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins er lykilþáttur í að vinna að þessum markmiðum. Reykjavíkurborg fagnar þeim sess sem sáttmálinn færir í áætluninni og leggur áherslu á áframhaldandi samvinnu við ríkið um að verkefni hans nái fram að ganga.

Tillögur áætlunarinnar um að efla greiðar og sjálfbærar samgöngur eru sérstaklega mikilvægar fyrir hagsmuni Reykjavíkurborgar sem og íbúa alls höfuðborgarsvæðisins og nágrannasveitarfélaga. Styrking almenningssamgangna, bæði innan höfuðborgarsvæðisins og milli lykiláfangastaða, skiptir höfuðmáli til að tryggja jafnt aðgengi, draga úr umferð, skapa aðlaðandi borgarumhverfi og styðja við markmið um kolefnishlutleysi. Sífellt stærri hópur íbúa nágrannabyggðalaga höfuðborgarsvæðisins, á Reykjanesi, Suðurlandi og Vesturlandi, sækir atvinnu, þjónustu og nám til höfuðborgarsvæðisins til viðbótar við þá sem ferðast að og frá Keflavíkurflugvelli. Hvort almenningssamgöngur séu raunhæfur valkostur fyrir ferðir þessa hóps hefur töluverð áhrif á það hvernig samfélag okkar þróast. Ef vel tekst til við að styrkja og efla



almenningsamgöngur milli höfuðborgarsvæðisins og nágretta byggðalaga má draga úr fjárfestingaþörf samgönguinnviða, bæta lífsgæði íbúa og draga úr kostnaði heimila, fyrir utan jákvæð umhverfisleg áhrif. Æskilegt væri að sjá enn frekari áherslu á tengingu höfuðborgarsvæðisins við nágrennabyggðalög með almenningssamgöngum.

Samgönguáætlun skilgreinir grunnnet samgangna landsins sem er ætlað að tryggja landsmönnum greiðar samgöngur. Skilgreint grunnnet samgangna nær þó aðeins til vegakerfisins, hafna (ferjuleiða) og flugvalla (flugleiða). Mikilvæga liði í því að tryggja greiðar samgöngur vantar í grunnnetið, þ.e. almenningssamgangnaleiðir og stígaleiðir. Mikilvægt er að skilgreina þessar leiðir sérstaklega, jafnvel þó að þær liggi að hluta eða öllu leyti um eða samhliða vegakerfinu, enda eru þær mikilvægur þáttur grunnnets samgangna. Reykjavíkurborg leggur til að skilgreindar verði almenningssamgangnaleiðir og stígaleiðir í grunnneti samgangna til að stuðla að hreyfanleika fólks frekar en farartækja þegar tengja á saman byggðir landsins. Slík samþætt nálgun er nauðsynleg til að ná markmiðum um sjálfbærar samgöngur.

Reykjavíkurflogvöllur

Í tilefni af áformum um endurbyggingu á núverandi flugstöð og byggingu nýrrar flugstöðvar á sama reit vill Reykjavíkurborg áréttta eftirfarandi:

1. Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 gerir ráð fyrir að flugvallarstarfsemi í Vatnsmýriverði lögð af á skipulagstímabilinu, sbr. meginmarkmið aðalskipulagsins.
2. Samkvæmt aðalskipulagi verður mögulegt að reka flugstarfsemi á flugvöllinum til ársins 2032. Aðstaða til þyrilulendinga vegna þjónustu Landhelgisgæslunnar verður þó áfram heimil á svæðinu, samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi.
3. Núverandi starfsleyfi Reykjavíkurflogvallar, útgefið af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, er útrunnið en unnið er að endurnýjun þess.
4. Starfshópur um gerð skipulagsreglna fyrir Reykjavíkurflogvöll á vegum innviðaráðherra er nú að störfum. Mikilvægt er að ljúka því starfi sem fyrst svo skipulagsreglur flugvallarins og meðfylgjandi uppdrættir sýni flugvallarsvæðið og áhrifasvæði þess með réttum hætti.
5. Uppbygging Vatnsmýrar og tímasetning hennar byggir á samkomulagi borgarstjóra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dags. 28. nóvember 2019, um að stefna beri að uppbyggingu nýs innanlandsflugvallar í Hvassahrauni, að undangengnum frekari rannsóknum á flugvallarstöðinu á næstu árum. Í samkomulaginu segir orðrétt: „*Aðilar eru sammála um að stefnt skuli að því að flytja núverandi flugstarfsemi af Reykjavíkurflogvelli yfir á nýjan flugvöll í Hvassahrauni, reynist það vera vænlegur kostur ...*“ Samkomulagið víkur ekki til hliðar samkomulagi innanríkisráðherra og borgarstjóra, dags. 25. október 2013, um að ráðuneytið og Isavia ohf. hafi forgöngu um að kennslu og einkaflugi verði fundinn nýr staður í nágrenni borgarinnar.
6. Á grundvelli samkomulagsins frá 2019 vann starfshópur að frekari rannsóknum og athugunum í Hvassahrauni og skilaði hópurinn af sér skýrslu í september 2024 með ákveðnum tillögum um möguleg næstu skref. Það er brýnt að halda vinnu þessa starfshóps til haga í umræðunni um framtíð flugvallarins, ekki síst í ljósi sívaxandi gagnrýni á einka-, kennslu- og ferðaþjónustuflug (þyrilflug) í Vatnsmýri



vegna neikvæðra umhverfisáhrifa. Í niðurstöðum skýrslunnar segir m.a: *"...Líklegast er að ekki verði mikil langtímaáhrif á eftirspurn í innanlandsflugi ef af flutningi þess verður í Hvassahraun. Enn fremur er talið að langtímaáhrif á kennslu-, æfinga- og einkaflug verði takmörkuð, að því gefnu að aðstaða fyrir slíkt flug verði einnig flutt í Hvassahraun. Flutningur innanlandsflugs til Keflavíkur er hins vegar líklegur til að hafa mikil áhrif á notkun þess. Veðurfarslega er ekkert því til fyrirstöðu að halda áfram undirbúningi að byggingu flugvallar í Hvassahrauni sem myndi þjóna kennslu-, æfinga- og einkaflugi, innanlandsflugi og sem varaflugvöllur millilandaflugs. Ekki er hægt að útiloka að flugvöllurinn verði fyrir áhrifum af völdum hraunflæðis en líkur eru taldar afar litlar."* Mat á áhrifum náttúruvár, þ.e. hraunflæðis er byggt á þeirri forsendu að með rétttri hönnun, bestu staðsetningu og hæðarsetningu mannvirkja innan hins rúma athugunarsvæðis (sem náði yfir 25 km² sunnan Reykjanessbrautar en til samanburðar nær Reykjavíkflugvöllur til um 1,2 km² í dag) sé hægt að lágmarka áhættuna af áhrifum hraunflæðis. Hér skiptir megin máli staðsetning flugvallar á svæðinu og mögulega er rétt að horfa út fyrir umrætt athugunarsvæði og svo áfangaskipting uppbyggingar (t.a.m. að byggja lítinn flugvöll í byrjun sem gæti þjónað einka- og kennslufluginu). Nú stendur vinna við frekara hættumat á Reykjanesskaga og höfuðborgarsvæðinu og á henni að ljúka á árinu 2026. Mikilvægt er að horfa til niðurstaðna þeirrar vinnu í þessu samhengi. Brýnt er að í framhaldi þess sé unnið áhættumat - á grundvelli hættumatsins - fyrir mismunandi landnotkun og innviðafjárfestingu á öllu suðvesturhorninu.

Í ljósi ofangreinds er ótímabært og óábyrgt að taka ákvarðanir sem fela í sér stórar óafturkræfar fjárfestingar í Vatnsmýri til lengri framtíðar. Mögulegar endurbætur/uppbygging nýrrar flugstöðvar þurfa að taka mið af því. Í þessu samhengi er rétt að minna á eftirfarandi í samkomulaginu frá 2013 um endurbætur flugstöðvar: „Endurbæturnar verði hannaðar þannig að þær verði auðveldar til breytinga og brottflutnings, ásamt því að skýrt sé að Reykjavíkurborg verði ekki skuldbundin til greiðslu bóta komi til brottflutnings starfsemi á svæðinu“.

Lokaorð

Samantekið, leggur Reykjavíkurborg áherslu á að aðgerðir og forgangsöröðun í samgönguáætlun endurspegli skuldbindingar stjórnvalda í loftslagsmálum og fagnar því áherslu áætlunarinnar á Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem er grundvöllur þróunar sjálfbærrar og heilbrigðar byggðar á þéttbýlasta og fjölmennasta svæði landsins og væntir áframhaldandi góðs samstarfs um þau verkefni. Á sama tíma er vakin athygli á að tímabært er að endurskoða hvernig grunnnet samgangna er skilgreint sem og gildandi skipulagsáætlunum, samningum og fleiru vegna áforma um framkvæmdir á Reykjavíkflugvelli sem birtast í áætluninni.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

samgöngustjóri

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

yfirlögfræðingur umhverfis- og skipulagssviðs